

## 291. fundur

Miðvikudaginn 7. desember 2022, kl. 10:00 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson og Pálmi Vilhjálmsson. Hálfán Óskarsson, áheyrnarfulltrúi boðaði forföll. Þá sat einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

### 1. Iðnaðarlíkan

Lagt var fram reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögum til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði ásamt glærुकynningu. Líkanið byggir á rauntölum úr ársreikningi Mjólkursamsölnunnar 2021 og opinberum hagtölum um þróun rekstrarkostnaðar. Fjallað var sérstaklega um þróun fjármagnskostnaðar, launa og áhrif nýgerðra kjarasamninga SGS sem munu gilda afturvirkir frá 1. nóvember og kosið verður um 19. desember nk.. Frá síðustu verðákvörðun, í september til desember 2022 er reiknuð hækkunarþörf líkansins 2,75% að meðtöldum áhrifum kjarasamninga.

### 2. Verðlagning

Á síðasta fundi kom fram að gjaldaliðir verðlagsgrundvallar kúabús hafa hækkað um 2,38% frá síðustu verðlagningu. Að loknum umræðum um niðurstöður reiknilíkana var borin upp tillaga að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda og heildsöluverð mjólkurvara til samræmis við þróun framlagðra gagna frá september til desember 2022. Tillagan felur í sér að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda um 2,38% og heildsöluverð sem nemur veginni hækkun hráefniskostnaðar (mjólk) og vinnslu- og dreifingarkostnaðar, 2,75%. Vegið saman yrði reiknuð hækkun heildsöluverðs 2,54%.

Tillagan var samþykkt. Lágmarksverð til bænda hækkar um 2,38% og heildsöluverð hækkar um 2,54%. Fulltrúar samtaka launþega sátu hjá. Gerður er fyrirvari við ákvörðunina þess efnis að verðlagsnefnd skuli koma fljótt saman ef niðurstöður og þróun annarra kjarasamninga gefa tilefni til endurskoðunar á þessari verðákvörðun.

Næsti fundur verðlagsnefndar er fyrirhugaður 20. desember kl. 14.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:15.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson